

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Brautarlýsing fyrir sjúkraliðabraut á bls. 151 orðist svo:

Sjúkraliðabraut (SJ)

120 ein.

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun til þess að starfa á sjúkrahúsum sem löggiltir sjúkraliðar. Meðalnámsstími er sex annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á sjúkrahúsum undir leiðsögn. Starfið er löggilt á grundvelli reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Almennar greinar

25 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend mál	DAN 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein.	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 2	6 ein.

Sérgreinar

64 ein.

Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Hjúkrunarfræði bókleg	HJÚ 103 203 303 403 503	15 ein.
Hjúkrunarfræði verkleg í skóla	HJV 103	3 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103 203	6 ein.
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.
Lyfjafræði	LYF 103	3 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103 123	6 ein.
Næringarfræði	NÆR 103	3 ein.
Samskipti	SAM 103	3 ein.
Sálfræði	SÁL 103	3 ein.
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.
Sjúkdómafræði	SJÚ 103 203	6 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Sýklafræði	SÝK 103	3 ein.
Upplýsingatækni	UTN 103	3 ein.

Vinnustaðanám

15 ein.

Verknám á stofnunum	VIN 105 205 305	15 ein.
---------------------	-----------------	---------

Nr. 307

10. apríl 2003

Starfsþjálfun

Starfsþjálfun 16 vikur

STP 108 208

16 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 10. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Örlygur Geirsson.